



FÉLAG
SJÚKRAHÚSLÆKNA



Heilbrigðisráðherra
Fjármálaráðherra
Landlæknir
Forstjóri Landspítala
Formaður velferðarnefndar Alþingis
Alþingismenn

Reykjavík 9. janúar 2020

Efni: Alvarleg staða Landspítala

Á fjölmönnum fundi, sem Félagsjúkrahúslækna og Félags almennra lækna, boðuðu til í gær. 8. janúar, á Landspítalanum í Fossvogi var samþykkt eftirfarandi ályktun um alvarlega stöðu á Landspítala:

Almennur félagsfundur Félagsjúkrahúslækna og Félags almennra lækna 8. janúar 2020 lýsir yfir þungum áhyggjum af viðvarandi óviðunandi og stöðugt versnandi ástandi á Landspítala.

Hættuástand er fyrir löngu daglegur veruleiki á deildum spítalans.

Fjöldi bráðveikra einstaklinga er jafnvel dögum saman í óviðunandi aðstæðum á stofu með fjölda annarra og á göngum spítalans.

Ástand þetta er fullkomlega óboðlegt frá öllum hliðum séð og hefur neikvæð áhrif á líðan og öryggi sjúklinga, spillir möguleikum á eðlilegri faglegri þjónustu starfsfólks og truflar skilvirkni starfseminnar.

Ástandið gerir auk þess starfsfólki ókleift að sinna einu mikilvægasta hlutverki spítalans sem er kenndsla og vísindastarf.

Skorað er á stjórnvöld, yfirstjórn sjúkrahússins og embætti Landlæknis að axla ábyrgð á ástandinu og án tafar taka höndum saman við starfsfólk til að finna viðunandi lausn til skemmri og lengri tíma.

Félögin bjóða fram krafta sína og sérþekkingu til að hjálpa til við lausn þessa vanda.

Ályktunin er einnig send sem fréttatilkynning til fjölmiðla.

Virðingarfyllst,
Fh. fundarboðenda,

María Ingibjörg Gunnbjörnsdóttir, formaður FSL
Guðrún Ása Björnsdóttir, formaður FAL